

Kennsluáætlun

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



Námsgrein: Náttúrufræði

Bekkur/hópur: 5

Kennarar: Hrönn Björnsdóttir

Tímabil: Haustönn 2024

Leiðsagnarmat:

Hvað verður metið, hvernig og hvenær?

- Metin verður verkefnavinna með umsögn með/ án bókstafa.
- Gefin er bókstafur í lok skólaárs.
- Nemendur kynna verkefni, fá munnlega umsögn.
- Nemendur metnir eftir sjálfstæðum vinnubrögðum
- Nemendur metnir eftir samvinnu
- Nemendur metnir eftir vinnusemi og þátttöku í kennslustundum.

Ágúst - desember.

Námsefni: Námsbókin Ísland Hér búum við lestrar- og vinnubók. Youtube myndbönd og önnur verkefnahefti.

Eftirfarandi hugtök eru unnin með: Gervihnöttur, loftmynd, landafræði, sambúð manns og náttúru, eldfjöll, hafdjúpin, náttúruauðlindir, atvinnulíf, landslag, náttúruvernd.

Hæfniviðmið og markmið að nemandi:

- geri grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- Nýti sér kort og gröf til að afla sér upplýsinga.
- geti teki þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og sýnt ábyrgð í samskiptum.
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.
- lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist.
- útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.
- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum
- gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum þeirra til verndar sem og bent á leiðir til úrbóta.
- greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.
- tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti.

Verkefni: Nemandur vinna í pörum að hönnun Íslandskorts. Vinna saman með hugtök í náttúrugreinum. Unnin verkefni um eldfjöll og endurnýtingu.